



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 12. apríl 2011

Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar (setning í prestsembætti), 555. mál.


Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dags. 16. þ. m., þar sem beðið er um umsögn vegna frumvarps til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar (setning í prestsembætti), 555. mál.

Kirkjuráð mælir með samþykkt frumvarpsins í óbreyttri mynd, enda er það í samræmi við afgreiðslu kirkjuþings 2010.

Virðingarfyllst f.h. kirkjuráðs

Guðmundur Þór Guðmundsson, lögfr.
framkvæmdastjóri kirkjuráðs

Alþingi
Erindi nr. P 139/2071
komudagur 20.4.2011



Prestafélag Íslands

Hafnarfjarðarkirkju, 20. apríl 2011

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Stjórn Prestafélags Íslands (PÍ) hefur tekið til skoðunar frumvarp til laga, 555. mál.

Stjórn PÍ fellst á frumvarpið í ljósi þess að um tímabundna ráðstöfun sé að ræða sem gefi Þjóðkirkjunni svigrúm vegna einhliða niðurskurðar ríkisins á samningsbundnum greiðslum til Þjóðkirkjunnar. Stjórnin ítrekar mikilvægi þess að um tímabundna ráðstöfun verði að ræða og mikilvægi þess að við skipulagning þjónustunnar megi ekki höggva að rótum þess þetta þjónustunets Þjóðkirkjunnar um landið sem byggir framár öðru á prestþjónustunni. Grunnþjónustu Þjóðkirkjunnar ber að vernda og sé endurskipulagningar þörf skuli það gert með langtímaáætlunum sem hafi heildarhagsmuni þjónustunnar í huga, en ráðist ekki af tilviljanakenndum aðgerðum sem stjórna af aldursröð prestsvígðir þjónar prestakallanna eru eða ótímabærra starfsloka þeirra.

Þrátt fyrir hina tímabundnu heimild frumvarpsins er meginreglan þó að skilningi PÍ sú að öll embætti séu auglýst til umsóknar án tafar nema til komi sérstakur rökstuðningur og skýr áætlun frá biskupafundi um málsmeðferð vegna tillagna um breytingar á prestakallaskipan.

Virðingarfyllt,

f. h. stjórnar Prestafélags Íslands,

Guðbjörg Jóhannesdóttir, formaður PÍ.